

Nr. 149 / 09 Svanur KE 90***Sekkur í Njarðvíkurhöfn***

Skipaskr.nr. 0929
Smíðaður: Gilleleje Danmörku 1947, eik
Stærð: 38 brl. 39 bt.
Mesta lengd: 21 m *Skráð lengd:* 16,41 m
Breidd: 4,77 m *Dýpt:* 2,18 m
Vél: GM diesel 177 kW 1990
Fjöldi skipverja:



Svanur©Alfons Finnsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. desember 2009 var Svanur KE 90 við bryggju í Njarðvíkurhöfn. Veður: Austan andvari.

Báturinn hafði legið við festar í höfninni í um tvö ár og höfðu hafnarstarfsmenn dælt austri reglulega úr honum. Um morguninn virtist vera í lagi með bátinn en nokkrum tímum síðar sökk hann við bryggjuna.



Sökkinn við bryggju©Markús Karl Valsson

Hafnarstarfsmaður náði með snarræði að skera á festar plastbáts sem lá utan á honum áður en hann sökk.

Við rannsókn kom fram:

- að haffærisskírteini fyrir bátinn var í gildi til 4. september 2002. Hann var í eigu hafnarinnar;
- að talið er að borð í honum hafi gisnað vegna hreyfingaleysis og langrar legu. Honum verður fargað.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.